



BYGGÐASTOFNUN

# SVÆÐISBUNDIN FLUTNINGSIÖFNUN

GREINARGERÐ 2019



**Greinargerð um flutningsjöfnun 2019**  
Hrund Pétursdóttir, sérfræðingur rekstrarsviði  
Laufey Kristín Skúladóttir, sérfræðingur þróunarsviði

## Efnisyfirlit

Samantekt .....	3
Yfirferð umsókna .....	4
Afgreiðsla umsókna .....	5
Tíu hæstu styrkirnir .....	6
Svæðisskipting umsókna .....	7
Heimsóknir .....	9
Samanburður á milli ára .....	9
Umsjón og kostnaður .....	11
Til umhugsunar .....	11
Viðauki 1 – Listi yfir umsækjendur 2013-2019.....	13

## Samantekt

Í janúar sl. hófst vinna við umsóknarferil flutningsjöfnunarstyrkja samkvæmt lögum nr. 160/2011 um svæðisbundna flutningsjöfnun. Er þetta er í sjöunda skipti sem slíkir styrkir eru veittir á Íslandi.

Opnað var fyrir rafrænar umsóknir vegna ársins 2018 þann 1. mars 2019, en umsóknarfrestur er til 31. mars ár hvert fyrir næstliðið almanaksár. Samtals bárust 78 umsóknir frá 76 lögaðilum. Heildarfjárhæð styrkja nam um 166,9 milljónum króna samanborið við um 161,6 milljónir króna árið 2018. Alls voru 73 umsóknir samþykktar en 5 var synjað. Stærstur hluti styrksins fór á Norðurland eystra eða 41% af heildarstyrkfjárhæð og 51% umsókna voru vegna framleiðslu fiskafurða. Fjárhæð 10 hæstu styrkjanna nam samtals 82,1 m.kr. þar sem framleiðsla kjötafurða var stærsti framleiðsluþátturinn (30%) en Norðurland eystra var með 50% þegar þessar aðilar voru greindir eftir landssvæðum.

Sl. haust fór fram vinna við breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun. Ákveðið var að útvíkka styrkina í samræmi við tillögur í greinargerð ársins 2017. Lagabreytingin gekk í gegn um áramótin og var breytingin tvíþætt:

1. Lágmarksvegalengd var skilgreind 150 km en var áður 245 km.
2. Grænmetisbændur sem fullvinna vöru sína í söluhæfar umbúðir var bætt inn, en framleiðslan verður að falla undir flokk 01.1 og 01.2 í A-bálki íslensku atvinnugreinaflokkunarinnar ÍSAT2008.

Einnig var sett inn grein er snýr að því að öll fjárhæð sem sett er í verkefnið á fjárlögum verður nýtt í verkefnið, þ.e. kostnað Byggðastofnunar og útgreiðslu styrkja. Árið 2019 voru 170 m.kr. settar í verkefnið og skiptist það þannig að 3,1 m.kr. fór til greiðslu á kostnaði Byggðastofnunar og 166,9 m.kr. til styrkþega. Eftir yfirferð voru styrkumsóknir 214,5 m.kr. og fengu því styrkþegar 77,8% af þeirri fjárhæð.


Umsjón með móttöku og yfirferð umsókna höfðu Hrund Pétursdóttir og Laufey Kristín Skúladóttir, sérfræðingar hjá Byggðastofnun, en Fjárýsla ríkisins annaðist útgreiðslu. Áfallinn kostnaður Byggðastofnunar vegna umsýslu umsókna árið 2019 var, eins og áður sagði, 3,1 m.kr. Ekki er inni í þeirri fjárhæð frágangur á greinargerð, heimsóknir til umsækjenda og undirbúningur fyrir næsta ár.

## Yfirferð umsókna

Samkvæmt lögum nr. 160/2011 um svæðisbundna flutningsjöfnun hefur Byggðastofnun umsjón með afgreiðslu flutningsjöfnunarstyrkja. Í því felst að auglýsa eftir umsóknum, taka á móti þeim og greina.


Opnað var fyrir umsóknir þann 1. mars sl. en umsóknarfrestur er til og með 31. mars ár hvert fyrir næstliðið ár.

Alls bárust 78 umsóknir frá 76 aðilum en fyrirtækjum með deildarskipta starfsemi eða starfsemi á fleiri en einu svæði er gefinn kostur á að sækja um fyrir hverja einingu. Umsóknir vegna framleiðslustarfsemi voru 73 en 5 vegna grænmetis. Á mynd 1 má fjölda umsókna skipt upp eftir landssvæðum.



Mynd 1: Hvaðan koma umsóknirnar?

Á mynd 2 má sjá skiptingu umsókna niður á framleiðslustarfsemi. Líkt og áður er það framleiðsla fiskafurða sem er með flestar umsóknir eða 51% af heildarfjölda umsókna.



Mynd 2: Framleiðslustarfsemi

Í fyrstu yfirferð á umsóknum er athugað hvort lágmarksgögnum hafi verið skilað inn. Þau gögn sem teljast vera lágmarksgögn og senda á inn með umsókn eru:

- Staðfesting sýslumanns um að umsækjandi skuldi ekki skatta eða gjöld til ríkis eða sveitarfélaga hér á landi.
- Afrit af skýrslunni VOG, frá CreditInfo. Skýrslan veitir upplýsingar um mál á vanskilaskrá, uppboðsmál, rekstrarsögu, kaupmála og fjárræðissviptingu en lögum samkvæmt eru ekki veittir styrkir til einstaklinga eða lögaðila sem hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota á næstliðnum 5 árum fyrir dagsetningu umsóknar.
- Stutt greinargerð um fyrirtækið og framleiðsluna. Tilgangurinn með þessu var að veita þeim sem yfir umsóknina fer nánari upplýsingar um framleiðsluna og starfsemi viðkomandi framleiðsluaðila og hvaða vörur það eru sem falla undir ílag eða framleiðsluvörur.
- Útfyllt excel skjal, með upplýsingum um allan styrkhæfan flutningskostnað. Þar á að koma fram fyrir hvern styrkhæfan flutning; flutningsaðili, númer fylgibréfs, dagsetning, hvaðan var sent, sendandi, hvert var sent, móttakandi, reikningsupphæð með olúgjaldi en án vsk. og annarra gjalda, magn, lýsing á vöru og vegalengd. Hjá flestum flutningsaðilum er hægt að fá rafrænt yfirlit yfir alla flutninga með megninu af þessum upplýsingum.
- Hreyfingalistar, bæði úr bókhaldi fyrirtækisins og frá flutningsaðilum.
- Afrit af reikningum vegna flutnings. Umsækjandi var beðinn um að meta hversu margir reikningar voru sendir inn í upphafi og þá var kallað eftir frekari gögnum ef þess þurfti.

Á umsóknareyðublaðinu þurftu umsækjendur að haka við staðfestingu á yfirlýsingu þess efnis að styrkur til styrkþega fari ekki yfir þá fjárhæð sem getið er um í 3. mgr. 6. gr. laga nr. 160/2011.

Með því að fá yfirlit yfir alla styrkhæfa flutninga í excel skjali, er auðvelt að flokka upplýsingar við yfirferð. Byrjað er á því að tryggja að umsóttir flutningar séu styrkhæfir, m.a. með tilliti til vegalengdar og innihalds sendingar. Þá eru reikningar valdir af handahófi til að bera saman við fyrirliggjandi upplýsingar í excel skjalinu.


Fleiri umsóknir bárust í ár vegna breytinga á lögum auk þess sem margir af þeim sem fengið hafa styrk áður sóttu um hærri styrk vegna breyttra forsendna. Fór því aukinn tími í að fara yfir þær umsóknir sem bárust í ár og svara fyrirspurnum þeirra sem voru að sækja um í fyrsta skipti.

## Afgreiðsla umsókna

Af þeim 78 umsóknum sem bárust voru 73 samþykktar, frá 71 aðila, en 5 synjað. Ástæður fyrir synjun voru að viðkomandi uppfyllti ekki grunnskilyrði um styrkhæfi eða þá að umbeðin gögn bárust ekki. Heildarfjárhæð umsókna nam 268,7 m.kr. en eftir yfirferð gagna fór sú tala niður í 214,5 m.kr.


Samkvæmt fjárlögum ársins 2019 voru 170 m.kr. settar í þetta verkefni. Þar sem samþykktar umsóknir voru hærri en fjárlög ársins, að frádregnum kostnaði Byggðastofnunar, voru styrkgreiðslur lækkaðar hlutfallslega í samræmi við það, með vísan til 4. mgr. 6. gr. laga nr. 160/2011. Því voru styrkir til útgreiðslu 166,9 m.kr. eða 77,80% af þeirri fjárhæð sem var metin styrkhæf. Um kostnað Byggðastofnunar er fjallað í kaflanum *Umsjón og kostnaður* hér á eftir.

Á mynd 3 má sjá skiptingu styrkja eftir landssvæðum ásamt fjölda samþykktra styrkumsókna á hverju svæði. Eins og undanfarin ár fer mest til Norðurlands eystra eða 68,3 m.kr. til 33ja umsækjenda.



Mynd 3: Styrkir eftir landssvæðum

Á mynd 4 má svo sjá styrki flokkaða eftir atvinnugreinum og fjölda samþykktra umsókna í hverri atvinnugrein.




Mynd 4: Styrkir eftir atvinnugreinum

Stærstur hluti styrkja, eða tæplega helmingur (47,5%), var til aðila í framleiðslu fiskafurða. Er það eins og hefur verið undanfarin ár. Ástæðurnar eru bæði fjöldi aðila í framleiðslu fiskafurða á landsbyggðinni og svo er kostnaður vegna flutnings á ferskum fiski innanlands mjög mikill.


### Tíu hæstu styrkirnir

Tíu hæstu styrkirnir eru 49,2% af fjárhæð greiddra styrkja eða 82,1 m.kr. Ef flokkað er út frá landssvæðum þá eru 6 af þessum 10 umsóknum til aðila á Norðurlandi eystra og eru þeir með um 50% af fjárhæðinni. eru þetta stór fyrirtæki í framleiðslu á kjöti, fiski og öðrum matvælum.



Mynd 5: 10 hæstu styrkirnir eftir landssvæðum

Ef flokkað er hins vegar út frá atvinnugreinum þá dreifast umsóknir meira og eru það framleiðsla kjötafurða með stærstan hluta eða 30% af heildarfjárhæð 10 hæstu styrkjanna. Er þar um að ræða aðila á Norðurlandi eystra og Norðurlandi vestra.




Mynd 6: 10 hæstu styrkirnir eftir atvinnugreinum

## Svæðisskipting umsókna


Landinu er skipt upp í svæði 1, svæði 2 og höfuðborgarsvæðið. Aðeins fyrirtæki á svæðum 1 og 2 geta sótt um styrk. Þeir sem eru á svæði 1 geta sótt um 10% endurgreiðslu á flutningskostnaði af flutningi umfram 150 km. Á svæði 2 er hægt að sækja um 10% endurgreiðslu á flutningskostnaði af flutningi sem er 150-390 km en 20% ef farið er lengra en 390 km. Nánari skilyrði um styrkhæfan flutning má finna í reglugerð 67/2012 um svæðisbundna flutningsjöfnun ásamt síðari breytingum. Á mynd 7 má sjá hvernig landinu er skipt upp.





Mynd 7: Styrksvæði til jöfnunar flutningskostnaðar

Á mynd 8 má sjá hvernig styrkirnir skiptast á milli svæði 1 og 2.



Mynd 8: Skipting styrkja á milli svæða

Svæði 1 er með um 70% af samþykktum umsóknum bæði út frá fjárhæðum og fjölda. Árið 2018 skiptist fjárhæðin nokkuð jafnt á milli svæða sem skýrðist að mestu leyti vegna aðila á svæði 2 sem var að sækja um í fyrsta skipti og fékk hámarksfjárhæð. Sá aðili fékk mjög takmarkaðan styrk í ár þar sem hann fer upp í 200.000 evru hámarkið sem sett er á styrkveitingar til þriggja ára á hvern aðila.

## Heimsóknir

Heimsótt voru sex fyrirtæki á Vestfjörðum, þ.e. eitt á Bíldudal, tvö á Ísafirði, tvö í Bolungarvík og eitt í Hnífsdal.

Samskip hefur nýverið hafið sjóflutninga á sunnanverðum Vestfjörðum og stoppa þar einu sinni í viku. Það hefur breytt stöðunni fyrir þá aðila á þessu svæði sem eru að flytja vöru sína erlendis. Vegasamgöngur á Vestfjörðum er erfiðar og skerða því samkeppnishæfni fyrirtækja á þessu svæði enn frekar. Vörur kastast til í flutningabílum og vörur skemmast, sem veldur því að fyrirtæki þurfa að gefa afslátt af vöru til að bæta tjónið. Því bætist ofan á flutningskostnaðinn tjón á vörum sem hefur þá aftur áhrif á orðstír fyrirtækjanna. Matvælaframleiðsla hefur stóraukist á sunnanverðum Vestfjörðum með tilkomu fiskeldisfyrirtækja og hefur því byggð eflst á svæðinu. Er því mikilvægt að huga að stuðning við flutningskerfið til að styrkja samkeppnishæfi svæðisins.

Á norðanverðum Vestfjörðum virðist staðan vera betri og samgöngur aðeins betri þegar er horft á leiðina til Höfuðborgarsvæðisins. En með bættri tengingu á milli norður- og suðurhluta Vestfjarða þá myndi vegalengdin til Höfuðborgarsvæðisins, þar sem innanlandsmarkaðurinn er stærstur, styttest til muna. Almenn framleiðsla og matvælaframleiðsla hefur styrkst og aukist á norðurhluta Vestfjarða og eiga fyrirtækin mikið undir til að koma bæði vöru á markað og svo aðföngum til sín. Það sem skerðir m.a. samkeppnishæfi fyrirtækja á þessu svæði er að flutningskostnaður er stórt hlutfall af vöruverði til kaupenda.


Það sem umsækjendur vildu helst sjá breytingu á er að stytta afgreiðslutímann, hækka fjárhæð á fjárlögum þar sem útvikkun styrkjanna hefur haft þau áhrif að upphæð hefur skerast til þeirra. Þá myndu sumir vilja sjá styrkina afgreidda oftar yfir árið t.d. að útgreiðslur væru 2 – 4 sinnum á ári þar sem þetta er að binda fjármuni fyrirtækja í of langan tíma.

## Samanburður á milli ára

Vegna þeirra lagabreytinga sem urðu um áramótin síðustu eru breyttar forsendur varðandi styrkveitingar. Lágmarksvegalengd var lækkuð niður í 150 km, grænmetisframleiðendum var bætt við auk þess sem það fjármagn sem sett er í verkefnið á fjárlögum er fullnýtt. Hingað til hefur sú fjárhæð sem sett hefur verið á fjárlög aldrei verið fullnýtt en í ár voru umsóknir hærri en það fé sem var til ráðstöfunar og fengu umsækjendur því aðeins 77,8% af þeirri fjárhæð sem þeir hefðu fengið ef ekki væri um að ræða þessi mörk.


Það að lágmarksvegalengdin var lækkuð niður í 150 km gaf fleirum kost á að sækja um styrk auk þess sem margir aðilar fá nú styrk vegna flutninga á stærra svæði en áður. Dreifist því fjármagnið til fleiri aðila og inn á fleiri svæði en áður. Hafa þarf þessar breytingar í huga við skoðun á samanburðartölum hér á eftir.

Á mynd 10 má sjá samanburð sl. 5 ár skipt upp eftir landssvæðum. Hafa styrkir aukist á öllum landssvæðum nema á Vestfjörðum en staðan þar var óvenjuleg að því leiti að nýr aðili sótti um og fékk 3ja ára hámarksstyrk árið 2018. Viðkomandi fékk því aðeins styrk fyrir litlu broti af sínum flutning í ár. Þá má sjá að svæði sem eru næst Höfuðborgarsvæðinu eins og Suðurland og Vesturland eru að fá töluvert hærri fjárhæð í ár en áður. Þar eru að detta inn aðilar vegna lækkunar á lágmarks kílómetrafjölda.



Mynd 9: Samanburður sl. 5 ára eftir landssvæðum

Á mynd 10 má svo sjá samanburðinn út frá framleiðslu. Litlar breytingar voru á milli atvinnugreina en fiskafurðir voru óvenju háar árið 2018 af sömu ástæðu og Vestfirðir voru einnig hærrí en venjulega eins og fjallað er um hér á undan.



Mynd 10: Samanburður sl. 5 ára eftir framleiðslu

## Umsjón og kostnaður

Umsjón með móttöku og yfirferð umsókna hjá Byggðastofnun höfðu Hrund Pétursdóttir, sérfræðingur á rekstrarsviði, og Laufey Kristín Skúladóttir, sérfræðingur á þróunarsviði.

Útgreiðsla styrkjanna fór í gegnum Fjársýslu ríkisins.

Áfallinn kostnaður Byggðastofnunar, vegna umsýslu umsókna árið 2019 var 3.109.920 kr. sem skiptist á eftirfarandi hátt:

- Skrifstofukostnaður 418.518 kr.
- Annar kostnaður 381.320 kr.
- Launakostnaður 2.310.082 kr.


Gert er ráð fyrir áframhaldandi vinnu vegna undirbúnings fyrir næsta tímabil. Yfirfara netfangalista og heimasíðu fyrir næsta tímabil auk heimsókna til styrkþega. Þá er kostnaður vegna greinargerðar 2019 ekki inni í þessari fjárhæð.

## Til umhugsunar

Verkefnið Svæðisbundin flutningsjöfnun fór í gegnum miklar breytingar sl. vetur sem hafði áhrif á afgreiðslu styrkja í ár. Vegna útvíkkunar á styrkjunum, bæði í formi styttingar á lágmarksvegalengd og því að bæta grænmetisframleiðendum inn, komu inn fleiri og umfangsmeiri umsóknir en áður. Þá var ekki hægt að afgreiða og greiða út styrkinn jafnóðum eins og síðustu ár þar sem löggin kveða á um að sú fjárhæð sem fram kemur í fjárlögum skuli fullnýtt í verkefnið. Verður því tíminn fram að næstu skilum nýttur til að einfalda umsóknarferlið og yfirferð umsókna með það að markmiði að stytta afgreiðslufrest. Verður það m.a. gert með þeim hætti að rafræn umsókn verður ítarlegri, auk þess sem leiðbeiningar verða uppfærðar á heimasíðu Byggðastofnunar. Þá verður einnig opnað fyrir fyrir umsóknir að beiðni umsækjenda.

Sú fjárhæð sem hefur verið á fjárlögum fyrir umrætt verkefni var 195 m.kr. fyrsta árið en hefur verið óbreytt, eða 175 m.kr., þar til í ár þá var upphæðin skorin niður í 170 m.kr. Ástæðan fyrir niðurskurði er að hingað til hefur þessi fjárhæð ekki verið fullnýtt. Nú þegar búið er að útvíkka styrkina þarf mögulega að skoða það að auka aftur fjármagn til verkefnisins bæði í ljósi þess að styrkirnir hafa verið útvíkkaðir auk þess sem verðlag hefur hækkað undanfarin ár.

Á mynd 11 má sjá úthlutaða flutningsjöfnunarstyrki ásamt kostnaði Byggðastofnunar frá árinu 2013, samanborið við fjárlög hvers árs.



Mynd 11: Flutningsjöfnunarstyrkir 2013-2019

Fjöldi umsókna er svipaður á milli ára og var meðaltal umsókna fyrir breytingu, þ.e. árið 2013-2018, 66 umsóknir á ári. Það sem hafði mest áhrif hvað varðar sveiflur á milli ára er reglan um minniháttar aðstoð. Það þýðir að umsækjendur geta aðeins fengið að hámarki 200.000 evrur í opinbera styrki<sup>1</sup> yfir þriggja ára tímabil. Það gerir það að verkum að aðili sem hefur fengið háar fjárhæðir sl. tvö ár fær mögulega aðeins brot af umsóttum styrk þriðja árið vegna þessarar reglu. Hefur þetta áhrif á aðra umsækjendur að því leiti að viðkomandi fær stærri hluta af fjármagninu eitt árið en minna hitt árið. Til að gæta jafnræðis er afgreiðsla styrkjanna framkvæmd þannig að fundið er út hvað hver og einn á rétt á m.v. að ekkert þak sé á styrkfjárhæð ársins og eru þeir sem fara upp í þriggja ára hámarkið lækkaðir niður. Þá fá svo allir sama hlutfall af eftirstandandi fjárhæð.

<sup>1</sup> Styrkir þurfa að falla undir reglu um minniháttar aðstoð, svokallaða de minimis reglu.

## Viðauki 1 – Listi yfir umsækjendur 2013-2019

Nr. Umsækjandi	Pnr. Framleiðsla	Áður úthlutað	Úthlutað 2019	Samtals
1 3X Technology ehf.	400 Iðnaðarvörur	11.810.866	1.857.995	13.668.861
2 agustson ehf.	340 Fiskafurðir	0	1.375.317	1.375.317
3 Ajtel Iceland ehf.	780 Fiskafurðir	0	4.056.560	4.056.560
4 Akraborg ehf.	300 Fiskafurðir	0	1.001.510	1.001.510
5 Akurnesbúið ehf.	781 Grænmeti	0	236.514	236.514
6 Anna Bára Bergsveinsdóttir	601 Grænmeti	0	105.844	105.844
7 Arctic Oddi ehf.**	425 Fiskafurðir	7.038.759	0	7.038.759
8 Arna ehf.	400 Önnur matvælaframleiðsla	18.489.307	9.841.406	28.330.713
9 Arnarlax hf. *	465 Fiskafurðir	24.850.000	1.423.792	26.273.792
10 Ásbyrgi - Flóra ehf.**	600 Önnur matvælaframleiðsla	2.098.948	0	2.098.948
11 Becromal Iceland **	603 Iðnaðarvörur	1.560.913	0	1.560.913
12 Betri Vörur ehf.	625 Fiskafurðir	551.791	156.578	708.369
13 Brauðgerð Kr. Jónssonar o& Co ehf.**	600 Önnur matvælaframleiðsla	2.641.536	0	2.641.536
14 Bruggsmiðjan ehf. **	621 Drykkjarvörur	3.078.482	579.622	3.658.104
15 Búlandstindur ehf.	765 Fiskafurðir	1.305.890	937.947	2.243.837
16 Börkur hf.	603 Iðnaðarvörur	5.767.132	895.240	6.662.372
17 Darri ehf.	610 Fiskafurðir	3.110.921	257.265	3.368.186
18 Dokkan brugghús ehf.	400 Önnur matvælaframleiðsla	0	106.736	106.736
19 Dögun ehf.	550 Fiskafurðir	9.038.760	585.743	9.624.503
20 Ektafiskur	621 Fiskafurðir	1.729.810	382.448	2.112.258
21 Ferro Zink hf.	600 Iðnaðarvörur	9.170.800	2.183.767	11.354.567
22 Fiskeldið Haukamýri ehf.	640 Fiskafurðir	3.108.583	768.266	3.876.849
23 FISK-Seafood hf.**	550 Fiskafurðir	2.516.340	0	2.516.340
24 Fiskiðjan Bylgja **	355 Kjötafurðir	402.753	0	402.753
25 Fiskvinnslan Drangur	520 Fiskafurðir	2.781.573	312.458	3.094.031
26 Fiskvinnslan Íslandssaga hf.	430 Fiskafurðir	25.875.658	2.786.799	28.662.457
27 Fjallalamb hf.	170 Kjötafurðir	13.439.881	1.917.330	15.357.211
28 Fóðurverksmiðjan Laxá hf.	603 Iðnaðarvörur	36.337.582	4.226.818	40.564.399
29 Geitey ehf. **	660 Iðnaðarvörur	304.450	0	304.450
30 Gjögur hf.	610 Fiskafurðir	29.659.768	6.122.307	35.782.075
31 Gluggar ehf.**	600 Iðnaðarvörur	362.454	0	362.454
32 GPG Seafood ehf.*	640 Fiskafurðir	55.704.000	8.516.719	64.220.719
33 Gúmmivinnslan ehf.**	603 Iðnaðarvörur	1.342.118	0	1.342.118
34 Gæðabakstur ehf.	610 Önnur matvælaframleiðsla	0	1.088.011	1.088.011
35 Halldór fiskvinnsla ehf.	685 Fiskafurðir	2.598.125	737.828	3.335.953
36 Hjalti Egilsson	781 Grænmeti	0	389.458	389.458
37 Hólmadrangur ehf.	510 Fiskafurðir	0	2.874.896	2.874.896
38 Hraðfrystihús Hellisands hf.	360 Fiskafurðir	16.626.459	4.069.339	20.695.798
39 Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf.	410 Fiskafurðir	28.047.816	5.158.437	33.206.253
40 Humar kokkur ehf.**	780 Önnur matvælaframleiðsla	0	0	0
41 Icelandic Byproducts ehf. **	640 Kjötafurðir	4.329.505	0	4.329.505
42 Ísfélag Vestmanneyja hf.	680 Fiskafurðir	20.350.523	5.742.279	26.092.802
43 Ísfiskur ehf. **	760 Fiskafurðir	993.346	0	993.346
44 Ísgel ehf.	540 Iðnaðarvörur	2.867.857	894.544	3.762.401
45 Íslenskt sjávarfang ehf.	470 Fiskafurðir	15.873.165	3.173.066	19.046.231
46 Íslenskur textíliðnaður **	540 Iðnaðarvörur	393.800	0	393.800
47 Jakob Valgeir ehf. **	415 Fiskafurðir	5.578.084	0	5.578.084
48 K & G ehf.	630 Fiskafurðir	1.597.808	610.933	2.208.741
49 Kampi ehf.**	400 Fiskafurðir	11.791.509	0	11.791.509
50 Kaupfélag Skagfirðinga *	550 Önnur matvælaframleiðsla	52.718.962	10.157.588	62.876.550

\*Umsækjandi náði þriggja ára hámarki

\*\* Sótti ekki um styrk í ár

\*\*\* Synjað um styrk þar sem grunnforsendur voru ekki til staðar

Nr. Umsækjandi	Pnr. Framleiðsla	Áður úthlutað	Úthlutað 2019	Samtals
51 KERICIS ehf.**	400 Iðnaðarvörur	151.870	0	151.870
52 KG Fiskverkun ehf.***	360 Fiskafurðir	0	0	0
53 Kjarnafæði hf.	603 Kjötafurðir	28.567.040	6.776.817	35.343.857
54 Klausturbleikja ehf.**	880 Fiskafurðir	31.128	0	31.128
55 Klofningur ehf.	430 Fiskafurðir	8.861.674	1.659.739	10.521.413
56 Krossdal ehf.***	700 Iðnaðarvörur	0	0	0
57 Litlahorn ehf.**	781 Iðnaðarvörur	141.596	0	141.596
58 Loðnuvinnslan hf.**	750 Fiskafurðir	478.157	0	478.157
59 Lón 2 ehf.**	671 Snyrtivörur	304.352	0	304.352
60 Lýsi ehf.***	815 Önnur matvælaframleiðsla	0	0	0
61 Marúlfur ehf.	620 Fiskafurðir	3.374.113	392.844	3.766.957
62 Móðir Jörð ehf. **	701 Önnur matvælaframleiðsla	549.247	123.601	672.848
63 Miðás ehf.	700 Iðnaðarvörur	5.223.327	1.498.194	6.721.521
64 N1	355 Fiskafurðir	770.987	653.707	1.424.694
65 Norðlenska matborðið ehf.	602 Kjötafurðir	55.704.000	10.921.251	66.625.251
66 Nýja Kaffibrennslan ehf.	600 Önnur matvælaframleiðsla	0	99.825	99.825
67 O Jakobsson ehf. **	620 Fiskafurðir	3.211.194	0	3.211.194
68 Oddi hf.*	450 Fiskafurðir	47.792.568	8.093.754	55.886.322
69 Ósnes ehf.	765 Fiskafurðir	347.555	122.531	470.086
70 Pharmarctica ehf.	610 Iðnaðarvörur	1.868.944	335.576	2.204.520
71 Primex ehf.	580 Iðnaðarvörur	6.538.965	1.530.774	8.069.739
72 Rammi hf.	580 Fiskafurðir	11.979.840	1.884.959	13.864.799
73 Reykfiskur ehf. **	640 Fiskafurðir	394.258	0	394.258
74 Rifós hf.	671 Fiskafurðir	5.277.749	1.978.754	7.256.503
75 SAH Afurðir ehf.	540 Kjötafurðir	22.932.114	7.070.333	30.002.447
76 Samherji fiskeldi ehf.	600 Fiskafurðir	11.356.629	3.923.194	15.279.823
77 Samherji Ísland hf.	600 Fiskafurðir	8.824.923	121.174	8.946.097
78 Sigurbjörn ehf.	611 Fiskafurðir	1.459.088	87.334	1.546.422
79 Silfurstjarnan**	671 Fiskafurðir	6.909.448	0	6.909.448
80 Síldarvinnslan hf.**	740 Fiskafurðir	254.021	0	254.021
81 Sjávariðjan Rifi hf.	360 Fiskafurðir	7.022.489	1.802.711	8.825.200
82 Skinney-Pinganes hf.	780 Fiskafurðir	8.398.478	4.151.312	12.549.790
83 Sláturhús KVH ehf.	530 Kjötafurðir	0	2.706.961	2.706.961
84 Sporður hf.	765 Fiskafurðir	81.004	36.758	117.762
85 SR-Vélaverkstæði hf.	580 Iðnaðarvörur	646.907	77.716	724.623
86 Steinull hf.*	550 Iðnaðarvörur	43.103.030	8.188.183	51.291.213
87 Strandskel ehf.**	520 Fiskafurðir	8.751	0	8.751
88 Sæplast Iceland ehf.	620 Iðnaðarvörur	15.864.573	1.699.325	17.563.898
89 Sögin ehf.	641 Iðnaðarvörur	2.173.669	369.893	2.543.562
90 Toppfiskur ehf. **	685 Fiskafurðir	9.733.692	0	9.733.692
91 True Westfjords ehf.	415 Iðnaðarvörur	0	48.085	48.085
92 Trésmiðjan Borg ehf.**	550 Iðnaðarvörur	134.207	0	134.207
93 Tungusilungur	460 Fiskafurðir	3.673.155	425.783	4.098.938
94 Útgerðarfélag Akureyringa ehf.	600 Fiskafurðir	6.240.963	40.145	6.281.108
95 Valafell ehf.	355 Fiskafurðir	91.776	287.503	379.279
96 Valeska ehf. **	620 Iðnaðarvörur	51.645	0	51.645
97 Vestfiskur ehf.	430 Fiskafurðir	1.293.724	347.993	1.641.717
98 Viðbót ehf.***	640 Kjötafurðir	3.794.245	0	3.794.245
99 Vilko ehf.	540 Önnur matvælaframleiðsla	1.984.671	764.004	2.748.675
100 Vífilfell hf.*	600 Drykkjarvörur	55.704.000	8.728.267	64.432.267
101 Vísir hf. **	765 Fiskafurðir	30.854.000	0	30.854.000
102 West Seafood ehf.***	425 Fiskafurðir	3.552.029	0	3.552.029
103 Þórsberg ehf.**	460 Fiskafurðir	13.958.245	0	13.958.245
104 Þórsnes ehf.	340 Fiskafurðir	0	2.941.785	2.941.785
105 Þórustaðir ehf.	601 Grænmeti	0	95.404	95.404
106 Þörungaverksmiðjan hf.	380 Iðnaðarvörur	0	1.372.530	1.372.530
		<b>879.516.074</b>	<b>166.890.078</b>	<b>1.046.406.152</b>

\*Umsækjandi náði þriggja ára hámarki

\*\* Sóttí ekki um styrk í ár

\*\*\* Synjað um styrk þar sem grunnforsendur voru ekki til staðar